



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAREPPS



3. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn miðvikudaginn 5. október 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Hitaveita að Efra-Langholti.

Borist hefur ósk frá landeiganda um að hita- og vatnsveita verði tengd að fyrirhuguðu hverfi sumarhúsa í landi Efra- Langholts. Tveir kostir hafa verið skoðaðir vegna tengingar hitaveitunnar; annars vegar að tengja í dælustöð við Götu og hins vegar að tengja í stofnlögn við afleggjara að Hrafnkelsstöðum.

Veitustjórn samþykkir að kalt vatn tengist stofni við Efra- Langholt en hitaveita tengist við dælustöð í Götu. Lagðar verði stofnlagnir fyrir heitt og kalt vatn að umræddu svæði og landeigendur greiði raunkostnað við það sem áætlað er að nemi um 25 m.kr. skv. minnisblaði frá Eflu. Þrátt fyrir ákvæði í gildandi gjaldskrá leggur veitustjórn til að heimæðagjöld verði ekki inn í útreikningum á þessu stigi heldur greiðist þau skv. gjaldskrá þegar þar að kemur en hún er nú í endurskoðun. Veitustjórn er meðvituð um að svera þarf upp stofn frá Flúðum að dælustöð í Götu eftir því sem hverfið/svæðið byggist upp. Veitustjóra falið að kynna landeigendum umrædda ákvörðun.

2. Heimtaug á köldu vatni í sumarbústað að Ósabakka í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Borist hefur ósk frá eiganda sumarhúss í landi Ósabakka um tengingu við vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Því miður sér veitustjórn sér ekki fært að verða við erindinu þar sem þrýstingur núverandi lagnar á svæðinu ber ekki frekari tengingar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00.